

**Fundargerð 285. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 11. desember 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.  
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson, Eygló Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna.

**Dagskrá:**

**Fundargerðir:**

1. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 13. október 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 20. október 2008. Samþykkt.
3. Fundargerð hreppsnefndar 20. nóvember 2008. Samþykkt.
4. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 8. desember 2008. Samþykkt.

**Til afgreiðslu:**

1. Bréf dags. 28. nóvember 2008 frá Stígamótum með beiðni um styrk. Erindinu hafnað.
2. Ákvörðun um útsvarsprósentu fyrir árið 2009, skv. lögum nr. 4/1995. Útsvarsprósenta ákveðin 13.03% með fyrirvara um breytingu til hækkunnar vegna frétta um hugsanlega heimild til þess.
3. Bréf dags. 28. nóvember 2008 frá Snorraverkefninu með beiðni um styrk. Erindinu hafnað.
4. Uppsetning GSM sendis í Tjaldanesi á Skarðsströnd til að bæta farsímasamband í sveitarfélaginu. Ákveðið að skora á samgönguráðuneytið að beita sér fyrir því að gsm-samband við stofnvegi í Reykhólahreppi verði bætt enn frekar.
5. Bréf dags. 24. nóvember 2008 frá Landgræðslu ríkisins með beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið. Erindinu hafnað.

**Til kynningar:**

1. Bréf dags. 1. desember 2008 frá Rainrace (Háskóla Íslands) með kynningu á bókinni Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum. <http://www.rainrace.com> Kynnt.
2. Bréf dags. 1. desember 2008 frá Menntamálaráðuneytinu um úttekt á listfræðslu á Íslandi. Kynnt.
3. Bréf (ódags.) móttakið 2. desember 2008 frá stjórn Yrkjusjóðsins (Yrkja – sjóður æskunnar til ræktunar landsins) með ósk um að sveitarstjórnin sýni Yrkjuverkefninu skilning og áhuga. Kynnt.
4. Bréf dags. 24. október 2008 frá Knattspyrnusambandi Íslands með hvatningu til sveitarfélaga að auka möguleika barna og unglunga á skipulögðu starfi knattspyrnuhreyfingarinnar. Kynnt.
5. Afrit bréfs dags. 27. nóvember frá Skipulagsstofnun til Vegagerðarinnar vegna Djúpadalsvegar – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Kynnt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:20.